

lagaákvæða, sem þar er vitnað til, að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Loks dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 2.000.00 kr.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Jósefsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 4.500.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. janúar 1982.

Nr. 2/1978.

Rúnar Gunnarsson

(Hilmar Ingmundarson hrl.)

gegn

**Sigurði Reyni Guðmundssyni og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.).

Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 14. desember 1977. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 25.892.70 krónur með 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1963 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Guðjóns Hansen tryggingafræðings um örorkutjón áfrýjanda, dags. 25. janúar 1982. Telst honum tjón áfrýjanda vegna tíma-bundinnar og varanlegrar örorku nema samtals 54.957.80 krónum, ef miðað er við vinnutekjur verkamanna, en 60.856.00 krónum, ef miðað er við tekjur iðnaðarmanna.

Fyrir Hæstarétti reisir áfrýjandi kröfur sínar ekki að neinu leyti á því, svo sem hann gerði fyrir héraðsdómi, að stefnda Sigurði Reyni hafi orðið á mistök, er hann gerði að meiðsli áfrýjanda eftir slys það, sem málið er af risið.

Aðiljaskýrsla áfrýjanda, sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, var ekki gefin fyrr en á dómþingi hinn 15. desember 1971, eða tæpum 9 árum eftir að áfrýjandi slasaðist. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Á málinu hefur orðið stórfelldur og vítaverður dráttur. Einungis eitt dómþing var háð frá því 25. mars 1969 þar

til 17. apríl 1973, að málið var flutt munnlega á bæjarþingi. Hinn 27. apríl 1973 var síðan kveðinn upp úrskurður um, að aðiljum væri veittur kostur á að afla nokkurra nýrra gagna. Að því húnu var ekkert aðhafst í málinu fyrr en hinn 10. desember 1976.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Elín Runólfsdóttir, Laugateig 16 í Reykjavík, f. h. ófjárráða sonar síns, Rúnars Gunnarssonar, fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 14. apríl 1967, á hendur Sigurði Reyni Guðmundssyni, skólastjóra Leirárskóla í Borgarfjarðarsýslu, og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 418.393 með 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1963 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Í meðferð málsins varð Rúnar Gunnarsson fjárráða, og tók hann þá við rekstri málsins sjálfur. Gerir hann nú þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð kr. 2.589.271 með 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1963 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu báðir hafa *aðallega* krafist sýknu af dómkröfum stefnanda, en *til vara* verulegrar lækkunar á fjárkröfum stefnanda. Stefndi Sigurður Reynir hefur krafist málskostnaðar í báðum tilvikum úr hendi stefnanda að mati dómsins, en stefndi fjármálaráðherra hefur krafist þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik eru þau, að veturinn 1962/1963 var stefnandi, þá 12 ára gamall, í barnaskóla að Núpi í Dýrafirði. Átti hann að ljúka fullnaðarprófi úr þeim skóla vorið 1963, og var leikfimi meðal annarra skyldugreina. Kennsla í þeirri grein var ekki fyrir hendi í barnaskólanum, og því stundaði hann það nám með nemendum héraðsskólans á staðnum, og var kennari í greininni þar stefndi Sigurður Reynir. Nemendur héraðsskólans voru

einu og tveim árum eldri en stefnandi. Hinn 30. janúar 1963 voru nemendurnir að læra að æfa hástökk, svonefnt „grúfu-stökk“, yfir 75—80 cm háa slá með þriggja skrefa atrennu, og komu nemendurnir niður á einfalda öryggisdýnu úr stökkinu. Í einu slíku stökki fipaðist stefnanda svo stökkið, að hann hlaut brot á vinstri olnboga. Stefndi Sigurður Reynir áleit vera um að ræða liðhlaup og gerði tilraunir til að „kippa“ handleggnum í liðinn og batt síðan um hann. Fljótt kom þó í ljós, að eitthvað annað og meira hafði hent stefnanda. Var farið með hann til læknis á Þingeyri, sem sá, að um brot var að ræða, og var farið með stefnanda í sjúkrahúsið á Ísafirði til meðferðar. Stefndi gekk síðar undir frekari læknismeðferð, og var hann metinn með 20% varanlega örorku af völdum slyssins. Er mál þetta höfðað til heimtu skaðabóta af þeim sökum.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði ásamt einum eða tveim nemendum barnaskólans verið látinn stunda leikfimi með nemendum gagnfræðaskólans. Hann sagði, að vel gæti verið, að hann hafi verið búinn að æfa hástökk áður, svonefnt „saxstökk“, en í hér umrætt sinn hafi verið fyrsta skipti sem hann hafi átt að æfa „grúfustökk“. Kvaðst hann ekki vita, hvort gagnfræðaskólanemendurnir höfðu áður æft slíkt stökk, enda hafi hann þá verið búinn að vera skamman tíma við leikfímiaefingar með þeim nemendum. Hann kvað stefnda Sigurð Reyni hafa sagt þeim nemendum, hvernig þeir ættu að bera sig að við stökkið, en ekki sýnt þeim framkvæmd þess sjálfur. Sagði stefnandi, að við æfinguna hefðu þeir nemendurnir verið um tíu talsins og hafi þeir farið í röð í stökkið. Kvaðst stefnandi hafa reynt að framkvæma stökkið eins og þeir nemendur, sem á undan fóru, en hann kvaðst ekki sérstaklega hafa kunnað, með hverjum hætti hann ætti að koma niður úr stökkinu. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvort það hafi verið í fyrsta stökki sínu, sem hann slasaðist, en það muni þó ekki hafa verið nema í eitt skipti, sem hann hafði áður verið búinn að stökkva. Stefndi Sigurður Reynir hafi verið staddur annars staðar í salnum, er slysið skeði, en er hann kom að, hafi hann reynt að kippa handleggnum í lið, en án árangurs. Hafi síðan verið farið með sig til Þingeyrar, þar sem læknir komst að raun um, að handleggurinn væri brotinn. Þaðan hafi hann farið til Ísafjarðar, í sjúkrahúsið þar, þar sem gert var að brotinu. Seinna hafi hann svo farið til læknismeðferðar hér í Reykjavík, þar sem afltaug í handleggnum hafði skaddast við brotið.

Stefndi Sigurður Reynir skýrði svo frá fyrir dómi hinn 30. september 1965, að í umrætt sinn hafi nemendur sínir, þar á meðal stefnandi, verið að æfa hástökk í leikfimisal skólans. Hafi verið um að ræða tiltölulega auðvelt stökk, eða stökk yfir 75—80 cm háa slá með þriggja skrefa atrennu, og hafi öryggisdýna verið notuð til að koma á úr stökkinu. Kvað hann slíka íþróttæfingu vera mjög algenga og slysaðettu við hana vera hverfandi litla. Sigurður Reynir kvaðst ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu, þar sem hann hafi þá verið að leiðbeina öðrum nemendum. Taldi hann, að stefnanda hefði fipast stökkið, fallið og borið fyrir sig vinstri handlegg, þannig að líkami hans hafi lent ofan á handleggnum. Er hann hafi að komið, hafi hann skoðað handlegg stefnanda vandlega og virst með öllu öruggt, að um liðhlaup væri að ræða á vinstri olnboga. Með hliðsjón af því og þar sem læknir hafi ekki verið á staðnum, hafi hann talið sjálf-sagt að reyna að lagfæra liðhlaupið og síðan bundið um handlegginn. Er stefnandi hafi eftir það fundið til flökurleika, hafi grunur komið upp um hugsanlegt beinbrot og því hafi verið ákveðið að flytja stefnanda til læknisins á Þingeyri. Frekari afskipti af stefnanda kvaðst Sigurður Reynir ekki hafa haft. Sigurður Reynir kvaðst þá hafa verið búinn að kenna íþróttir í 13 ár og jafnan notað hér umrædda æfingu mikið og alla tíð áfallalaust. Á öllum ferli sínum sem leikfimikennari hafi einungis orðið þrjú óhöpp og í öll skiptin verið um að ræða liðhlaup. Kvaðst hann þá hafa lagfært liðhlaupin með því að „kippa“ í liðinn og síðan látið lækni athuga meiðslin og þá um leið fengið staðfestingu þess hjá læknum, að rétt hefði verið að lagfæra liðhlaupið á staðnum án dráttar. Kvaðst hann hafa hlotið tilsögn í undirstöðuatriðum bráðabirgðahjálpar við meiðslum, þar á meðal um lagfæringu liðhlaups, í námi sínu í Íþróttakennaraskóla Íslands, þaðan sem hann hafi lokið prófi.

Stefnandi lagðist inn á sjúkrahúsið á Ísafirði 1. febrúar 1963 og dvaldist þar til 2. mars s. á. Í vottorði frá því sjúkrahúsi, dags. 21. maí 1973, segir um sjúkdómsgreiningu, að um hafi verið að ræða brot á vinstri upphandlegg (fractura supracondylica humeri sinistra). Enn fremur hafi verið um að ræða sköddun á taug (paresis nervi mediani). Í vottorðinu segir sjúkrahúslæknirinn, Úlfur Gunnarsson, að þegar hann hafi séð stefnanda 1. febrúar 1963, hafi vinstri handleggur verið bólginn og deformeraður um og ofan við olnboga. Minnkuð tilfinningar-, snerti- og sársaukaskyn hafi verið í þumal- og vísifingri og hreyfingar í þeim fingr-

um hafi verið takmarkaðar. Röntgenkontrolmyndir 23. febrúar 1963 hafi sýnt, að beinbrotið væri ennþá í góðri stellingu, og það séu greinileg einkenni um, að brotið sé að gróa. Lömun í nervus medianus hafi gengið til baka, en sé ekki alveg bötнуð.

Hinn 29. maí 1973 (sic) lagðist stefnandi inn á handlæknisdeild Landspítalans til meðferðar hjá Árna Björnssyni lækni. Í vottorði læknisins, dags. 7. apríl 1965, segir svo:

„Við skoðun fannst eftirfarandi: Ekki sáust nein missmíði á vinstri olnboga, en slasaði gat ekki beygt hann að fullu og ekki heldur rétt úr honum alveg. Slasaði gat ekki kreppt I., II. og III. fingur til fulls. Þá sást mikil rýrnun á hendinni, þumalfingursmegin. Snertiskyn var upphafið á I., II. og III. og hálfum IV. fingri.

Greinilegt var, að önnur aðal-tilfinningataugin fram í vinstri handlegg (nervus medianus) hafði skaddast.

Aðgerð var gerð á handleggnum, og kom í ljós örherzli kringum taugina og þykkni á tauginni sjálfri, svarandi til brotsins ofan við olnbogann. Taugin var losuð, og slasaði útskrifaðist hinn 4. 6. 1963.

Hinn 9. 2. 1965: Slasaði kom til skoðunar í dag. Hann kvartar um dofa í vinstri hendi. Ennfremur máttleysi, sérstaklega í þumalfingri og vísifingri og dofa í þumalfingri, vísifingri og löngutöng og hálfum baugfingri. Hann segist lítið sem ekkert geta notað höndina við vinnu, bæði vegna tilfinningaleysisins og ennfremur vegna þess, að hún kólnar upp við minnstu vösbúð og þreytist mjög fljótt.

Objectiv skoðun: Vinstri hönd er áberandi rýrari en sú hægri, sérstaklega er baugfingur mun minni vinstra megin en hægri megin. Tilfinningaleysi og vöðvalömun svarar til þess, að nervus medianus sé skaddaður. Slasaði finnur grófan sársauka á svæðinu, en myndskyn (stereognosis) er alveg upphafið.

Um er að ræða sköddun á nervus medianus vinstra megin, sem stafar vafalaust af handleggsbroti. Svo langur tími er liðinn síðan aðgerðin var gerð á tauginni, að vonlaust má telja, að um frekari bata geti orðið að ræða. Til greina getur komið að skera aftur inn á taugina, skera burtu hið skemmda svæði og tengja taugina saman að nýju, en árangur af því er vafasamur. Þá getur ennfremur komið til greina tilflutningur á sinum til þess að auka afl handarinnar. Hvað sem gert verður, eru engar líkur til þess, að höndin eða handleggurinn geti náð fullum bata.“

Stefnandi kom til skoðunar hjá Stefáni Guðnasyni tryggingalækni hinn 5. október 1966, og mat læknið öfórörku stefnanda. Í vottorði hans, dags. 13. s. m., segir m. a., að stefnandi hafi haldið áfram barnaskólanámi sínu frá marslokum 1963 að sögn, en ekki getað iðkað íþróttir né smíðanám. Síðan hafi stefnandi verið við skólanám á vetrum, að undanteknum þeim námsgreinum, sem áður gat, og stundað ýmsa vinnu á sumrum, en stefnandi hafi sagst hafa átt bágð með að leysa hana af hendi vegna magnleysis, dofa og kulsækni í meidda handlimnum. Síðan segir í vottorði læknisins:

„Skoðun á vinstri handlim leiðir eftirfarandi í ljós:

Sýnileg rýrnun er á thenarsvæðinu. Kraftur í hendinni mælist 20—23 á móti 35—39 á hægri hendi. Sarsauka-, hita- og kulda-skyn virðist nánast eðlilegt á I.—III. fingri, en snertiskyn er truflað, slasaði greinir ekki örugglega, við hvern af þessum fingrum er komið hverju sinni. Hlykkjótt ör, um 8 cm. langt, er innan á vinstri olnbogasvæði. Nokkur radialsveigja í olnbogaliðnum. Slasaði kvartar um máttleysi í I., II. og III. fingri, ennfremur sljóá tilfinningu, dofa og kulsækni í sömu fingrum. Hann þreytist og fljótt í hendinni og kveður þetta allt бага sig mikið við vinnu.

Ályktun:

Um er að ræða pilt, sem meiddist við fimleikaæfingar í Núps-skóla í Dýrafirði 1963. Slasaði, sem þá var 12 ára að aldri, hlaut skóddun á aðaltilfinningatauginni fram í vinstri handlegg, sem talin er vafalaust vera afleiðing handleggsbrots. Afleiðingarnar eru vöðvarýrnun, máttleysi og tilfinningatruflun í meiri hluta handarinnar, svo að það hefur багаð slasaða verulega við vinnu, gerir það enn og líkur til, að svo verði framvegis.

Talið er vonlaust, að slasaði fái frekari bata en orðinn er á meiðsli þessu, og verður því að álíta tímabært að meta nú örorku slasaða, og telst hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá	1. febrúar 1963	til 31. marz	1963	100%
—	1. apríl	1963	— 28. maí	1963 75%
—	29. maí	1963	— 30. júní	1963 100%
—	1. júlí	1963	varanlega	20%.

Sami læknir skoðaði stefnanda og mat örorku hans aftur á árinu 1975. Í vottorði læknisins, dags. 8. september 1975, segir svo:

„Slasaði kom til undirritaðs til viðtals og skoðunar á ný 20. 8. og 26. 8. 1975. Hann kvartar ennþá um máttleysi, dofa, dauf-

ara skyn fyrir snertingu, sársauka, hita og kulda á vinstri hendi en á þeirri hægri, ótímabæra þreytu og kulsækni á meidda handliminn. Þá kvartar hann og um marr og smelli í vinstri olnboga, einkum er hann hefur haldið handleggnum um tíma í beygju um þennan lið, t. d. við teiknivinnu o. þ. h. Frá því er hann kom til undirritaðs síðast út af matsgjörðinni 1966, hefur hann að sögn verið við skólanám á vetrum, en vinnu á sumrum, meðan hann var við menntaskólanám, aðallega verkamannavinnu, en eftir að hann hóf nám í arkitektúr, að loknu stúdentsprófi 1970, einnig teiknivinnu, og бага óþægindin í vinstri handlim þá verulega. Háskólanámið hefur hann stundað í Englandi síðustu 3 árin, og er því ekki enn lokið. Honum finnast einkennin ekki eins áberandi nú og þau voru 1966 og telur það e. t. v. stafa af því, að hann er farinn að venjast óþægindunum og sætta sig að nokkru við þau og reynir að haga vinnu sinni eftir því.

Skoðun: Vi. handlimur: Slasaði er rétthentur. Það er sýnileg dálítil rýrnun á framhandlegg og hendi, og mælist hún um 1/2 sm. rétt ofan við úlnlið og um 1 sm. Þverhöndin og fingur sýnilega dálítið rýrari, einkum vísifingur, samborið við það, sem er hægramegin. Kraftar eru verulega minni að finna í hendinni en í þeirri hægri (mælast H. 45—120, V. 30—85). Reflexar yfirleitt daufari en hægramegin. Minnkað sársauka-, snerti-, hita- og kuldaskyn svarandi til innervationssvæðis n. median sin. og stergnosis tæplega eðlileg. Nokkurt marr og smellir heyrast og finnast við aktivar og passivar hreyfingar í olnbogaliðnum. A. ö. l. er skoðun lík því sem var haustið 1966.

Fyrir liggur umsögn um röntgenmyndir teknar í Landspítala 27. 8. 1975, svohljóðandi:

„*Vinstri olnbogi:* Nokkuð þykkni kemur fram lateralt á humerus, ofan við condylinn, eftir fyrri fractur, eins og lýst er við skoðun 5. 3. 63 og 12. 3. 63. Liðlínur sléttar og jafnar, liðbil eðlilegt.“

Ályktun:

Um er að ræða 25 ára gamlan nemanda í arkitektúr, sem slasaðist við fimleikaæfingar í skóla fyrir 12 árum. Hann hlaut brot á vinstri upphandlegg rétt ofan við olnbogann og sköddun á nervus medianur sin.

Vegna afleiðinga þessa slyss var slasaði vistaður í sjúkrahúsi í 1 mánuð strax eftir slysið og aftur um vikutíma þremur mánuðum síðar vegna skurðaðgerðar á afleiðingum slyssins, og undir eftirliti læknis var hann um tíma eftir það.

Slasaði var talinn hafa verið óvinnufær af þessum sökum í um 2 mánuði frá slysdegi talið, síðan lítt vinnufær í um 2 mánuði, en varð aftur óvinnufær í 1 mánuð eftir það. Þar á eftir er starfsgeta hans talin verulega skert í rúmlega 1½ ár og loks varanlega dálítið skert.

Varanlegar afleiðingar slyssins eru rýrnun, máttleysi, skyntruflun og hreyfingarópægindi í vinstri handlim.

Svo langt er nú liðið síðan slysið varð, að ekki þykir von um frekari bata, hvorki af sjálfu sér né fyrir nokkurs konar meðferð eða aðgerðir. Þótt líðan slasaða virðist nú orðin nokkru betri en áður var, virðist það fremur vera fyrir það, að hann er farinn að venjast óþægindunum, en hitt, að þau séu ekki enn til staðar og muni ætíð бага hann í svipuðum mæli og gert var áður ráð fyrir, að verða mundi til frambúðar. Þykir því tímaþætt að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú greinir:

Frá slysdegi í 2 mánuði	100%
Eftir það í 2 mánuði	75%
Eftir það í 1 mánuð	100%
Eftir það í 7 mánuði	65%
Eftir það í 1 ár	50%
Eftir það varanlega	20%“.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli örorkuákvörðunar Stefáns Guðnasonar, nú síðast í vottorði, dags. 8. desember 1966 (sic). Í útreikningi tryggingafræðingsins frá 1973 kemur fram, að stefnandi hafi lokið stúdentsprófi vorið 1970. Síðan lagt stund á kennslu, en þá verið við háskólanám erlendis. Í síðasta útreikningnum miðar tryggingafræðingurinn annars vegar við tekjur verkamanna, en hins vegar við tekjur iðnaðarmanna. Við útreikningana byggir hann á úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á skattframtölum kvæntra verkamanna í Reykjavík og vinnutekjum, reiknuðum eins og þær hafa reynst samkvæmt rannsókn hvert ár fyrir sig 1963—1975, en frá ársbyrjun 1976 stuðst við reynslu 10 ára tímabilsins 1966—1975 með umreikningi með tilliti til kaupbreytinga að meðtalinni umsaminni hækkun 1. febrúar 1977. Reiknað er með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan með 9% ársvöxtum til frambúðar. Samkvæmt því reiknast tryggingafræðingnum örorkutjón stefnanda vera:

Vegna tímabundins orkutaps í 2 ár eftir slysið kr.	8.784
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 1.909.443

Samtals kr. 1.918.227

Vinnutekjur iðnaðarmanna eru reiknaðar með hliðstæðum hætti við árstekjur verkamanna og sé reiknað með þeim árstekjum til 17 ára aldurs, eftir það með tekjum iðnnema í fjögur ár og síðan með tekjum iðnaðarmanna, reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundna orkutapsins kr.	8.784
Vegna varanlegs orkutaps	— 2.074.857

Samtals kr. 2.083.641

Reiknað er með sömu vöxtum og gert er við útreikning verkamanna. Sé hins vegar reiknað með 13% ársvöxtum frá 15. júlí 1974, lækkar verðmæti tapaðra vinnutekna um því sem næst 21.5% miðað við verkamann, en því sem næst 22.2% miðað við iðnaðarmenn.

Kröfur stefnanda í málinu á hendur stefnda Sigurði Reyni eru á því byggðar í fyrsta lagi, að hann sem kennari hafi ekki leiðbeint stefnanda sem skyldi um framkvæmd umrædds hástökks. Stefnandi hafi verið við leikfimina með sér eldri nemendum og muni allnokkru um hvert árið á hér umræddu aldurs skeiði, jafnframt því sem stefnandi var að læra slíkt hástökk í fyrsta sinni. Hafi Sigurður Reynir því átt að sýna stökkið í verki fyrir nemendurnar, áður en þeir hæfu að framkvæma það einir. Einnig hafi honum þá jafnframt borið að líta eftir því og leiðréttu, ef nemendurnir færu ekki rétt að, og þá sérstaklega stefnanda vegna aldurs hans. Einnig megir telja, að einföld dýna til að koma niður á úr stökkinu hafi ekki verið fullnægjandi. Skortur á þessu af hálfu Sigurðar Reynis verði að meta honum til gáleysis, en til þess gáleysis megir rekja orsakir slyssins. Í annan stað eru kröfur stefnanda á því byggðar, að stefndi Sigurður Reynir hafi á eindæmi sitt ákveðið, að um liðhlaup væri að ræða, í stað þess að láta lækni athuga meiðslin, en læknir hafi verið innan einnar stundar fjarlægðar. Af þeim sökum fer stefndi Sigurður Reynir að „kippa“ í liðinn, þ. e. a. s. toga í handlegginn af afli. Megir ætla, að afltaugin í handleggnum hafi skaddast við það enn meir en ella og afleiðingar slyssins orðið enn meiri. Það sé því augljóst, að um sök sé að ræða af hálfu stefnda Sigurðar

Reynis í merkingu skaðabótaréttarins og því beri honum að bæta stefnanda tjón hans.

Kröfur stefnanda á hendur fjármálaráðherra eru byggðar á húsbóndaábyrgð hans. Héraðsskólinn að Núpi hafi verið afhentur ríkinu á árinu 1962 með þeim hætti, er segir í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1955, sbr. 1. gr. laga nr. 34/1962, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Stefndi Sigurður Reynir hafi því verið starfsmaður ríkisins, er stefnandi varð fyrir slysinu. Og þar sem slysið verði rakið til skaðaverks hans, eins og áður segir, þá beri ríkissjóður fébótaábyrgð á því skaðaverki ásamt með honum.

Sýknukrafa beggja stefndu er á því byggð, að orsök slyssins verði á engan hátt rakin til leiðbeiningarskorts af hálfu stefnda Sigurðar Reynis við kennsluna né heldur vanbúnaðar tækja við hana. Hér hafi verið um að ræða mjög algengt og auðvelt hástökk, aðeins yfir 70—80 cm. Öryggisdýna hafi verið notuð til að koma niður á úr stökkinu, sem hafi verið fullkomlega nægjanleg. Sigurður Reynir hafi verið búinn að segja nemendunum, hvernig þeir ættu að bera sig að við stökkið, og stefnandi hafi farið að, eins og hann sá aðra nemendur gera, er á undan honum framkvæmdu stökkið, og einnig hafi hann líklega verið búinn að stökkva einu sinni, áður en slysið varð. Vitað er, að öllum íþróttum og leikfimiæfingum getur fylgt slysaætta, og því er öll aðgát nauðsynleg. Í hér umræddu tilviki hafi því alfarið verið um óhappatilvik að ræða, að stefnandi kom svo illa niður úr stökki sínu, að leiddi til beinbrots, eða þá samhliða aðgátsskorti hans sjálfs. Þá hafi stefndi Sigurður Reynir á allan hátt farið rétt að í aðgerðum sínum við að lagfæra liðhlaupið, sem hann taldi vera. Ekkert sé heldur komið fram um það í málinu, að sköddun á afltaug í handlegg stefnanda eða lömun eigi rætur að rekja til þeirra aðgerða hans né til einhvers annars en brotsins sjálfs.

Varakrafa beggja stefndu er á því byggð, að fjárkröfur stefnanda séu allt of háar. Bæði sé, að ef sýknurök verði eigi til greina tekin, þá verði slysið að mestu rakið til gáleysis stefnanda sjálfs og/eða óhappatilviks, svo og sé í kröfum stefnanda ekki tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu, skattfrelsis bóta og annarra atvika, sem til lækkunar eigi að leiða.

Eins og fyrr greinir, var stefnandi í leikfimikennslu hinn 30. janúar 1963 að læra og æfa hástökk, „grúfustökk“, undir leiðsögn stefnda Sigurðar Reynis. Stökkhæðin var 75—80 cm, sem

telst mjög hæfileg fyrir byrjendur á hér umræddu aldursskeiði. Skiptir þá eigi máli 1—3 ára aldursmunur. Við slíkt stökk telst ein dýna nægjanleg til niðurkomu á úr stökkinu. Stefndi Sigurður Reynir skipti nemendunum í hópa, svo sem venja er við skólaleikfímkennslu, til að nýta tíma og áhöld sem best. Er þá gert ráð fyrir, að kennarinn gangi á milli hópanna til kennslu og leiðréttinga. Stefnandi segir stefnda Sigurð Reyni hafa skýrt fyrir hópnum, hvernig ætti að framkvæma stökkið, og sjálfur kvaðst stefnandi hafa farið að við stökkið, eitt eða tvö, eins og þeir nemendur, sem á undan honum fóru að. Hér umrædd hástökkæfing er mjög auðveld og slysaætta henni samfara hverfandi lítil. Hins vegar fylgir allri leikfími nokkur hætta. Stefndi Sigurður Reynir var ekki til staðar, er stefnandi varð fyrir slysinu, þar sem hann var þá að sinna öðrum nemendum. En þótt hann hefði þar verið staddur, hefði hann ekki getað komið í veg fyrir slysið, enda móttaka af hans hálfu úr hástökki vart framkvæmanleg og ekki viðhöfð.

Það er álit hins læknisfræðilega meðdómands, að aðgerðir stefnda Sigurðar Reynis til heilyndis hugsanlegu liðhlaupi hafi ekki haft sérstakar skaðaverkanir á handleggsbrotið.

Af þessu framansögðu verður því að telja, að slysið verði ekki á neinn hátt rakið til þeirra aðgerða eða aðgerðaleyfis af hálfu stefnda Sigurðar Reynis við kennsluna, að leiða beri til skaðabótaábyrgðar hans, heldur verður að telja slysið alfarið rakið til óhappatilviks. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.

Haukur Kristjánsson yfirlæknir og Karl Guðmundsson ípróttakennari kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Reynir Guðmundsson og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Rúnars Gunnarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Emils Ágústssonar borgardómara.

Það er óvefengt í málinu, að stefnandi var á hér umræddum tíma í skólaskyldu barnafræðslustigs að Núpi og skyldi ljúka

því námi um vorið 1963, en meðal námsgreina var leikfimi. Kennslu í þeirri grein naut stefnandi hjá stefnda Sigurði Reyni við kennslu nemenda héraðsskólans á staðnum. Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins varð sá skóli eign ríkisins frá miðju ári 1962 og rekinn af því í samræmi við lög nr. 41/1955, 2. mgr. 18. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 34/1962.

Hér að framan hefur aðstæðum verið lýst, þá er stefnandi var við hástökkssæfinguna hinn 30. janúar 1963. Telst stökkhæðin hafa verið hæfileg, og ekki skiptir máli 1—3 ára aldursmunur nemenda. Við þessa æfingu telst ein dýna til niðurkomu á úr stökkinu hafa verið nægjanleg. Stefndi Sigurður Reynir skipti nemendunum í hópa, svo sem venja er til við skólaleikfimi-kennslu, til að nýta tíma og áhöld sem best, og sinnti þeim til skiptis við kennsluna. Stefndi Sigurður Reynir skýrði fyrir hástökknemendunum í upphafi, hvernig ætti að framkvæma stökk-ið, en sýndi þeim ekki sérstaklega framkvæmd þess, svo sem stefnandi heldur fram og ómótmælt er af stefndu. Hafi hann síðan látið nemendurna eina um framkvæmd æfingarinnar, enda móttaka úr stökkinu af hans hálfu vart framkvæmanleg og ekki viðhöfð.

Umrædd hástökkssæfing er auðveld og slysafíðni samfara henni hverfandi lítil. Áhætta fylgir þó fimleika- og íþróttæfingum. Tel ég því, að í hér umræddu tilviki hafi stefndi Sigurður Reynir, þá er hann hafði skýrt fyrir nemendunum framkvæmd stökksins, átt að fylgjast með því, að nemendurnir framkvæmdu það á réttan hátt, áður en hann lét þá eina um æfinguna. Þykir mega rekja orsakir slyssins að nokkru til þessa skorts hans á leiðbeiningu til stefnanda, þó orsakir þess verði að verulegu leyti taldar eiga rætur að rekja til óhappatilviks. Ég er samþykkur hinum læknisfróða meðdómanda varðandi aðgerðir stefnda Sigurðar Reynis við stefnanda eftir slysið.

Með tilliti til þessa ber að leggja á stefnda Sigurð Reyni nokkra fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann varð fyrir af völdum slyssins. Þá fébótaábyrgð ber jafnframt að leggja á stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sem starfsdrottin stefnda Sigurðar Reynis. Skipting fébótaábyrgðarinnar þykir hæfilega ákveðin svo, að stefndu bæti stefnanda tjón hans að 1/4 hluta.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Útlagt kr. 5.630
2. Atvinnutjón — 2.083.641

3. Þjáning, lýti og röskun á stöðu og högum kr. 500.000

Samtals kr. 2.589.271

Afstaða til 1. kröfuliðs verður tekin við ákvörðun málskostnaðar.

Um 2. og 3. kröfulið.

Bætur fyrir atvinnutjón eru byggðar á framangreindum útreikningi tryggingafræðingsins miðað við iðnaðarmenn og 9% ársvexti til frambúðar frá 16. maí 1973.

Hér að framan er lýst sjúkrasögu stefnanda og afleiðingum slyssins. Með vísan til þess og annars þess, sem að framan er rakið og máli þykir skipta við ákvörðun bóta, þykir tjón stefnanda af völdum slyssins samkvæmt þessum kröfulið samtals hæfilega metið kr. 1.600.000. Verða stefndu því samkvæmt framansögðu dæmdir til að greiða stefnanda 1/4 hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 400.000, ásamt vöxtum, eins og krafist hefur verið.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 85.000.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Reynir Guðmundsson og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Rúnari Gunnarssyni, kr. 400.000 með 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1963 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 85.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
